



Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2023

Aðalfundur Landsbankans hf. var haldinn fimmtudaginn 23. mars 2023 kl. 17:00.

Fundarstaður var Austurstræti 11, Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Skýrsla bankastjóra.
3. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
5. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum.
7. Kosning bankaráðs.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
10. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
11. Önnur mál.

Fundurinn hófst með því að Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hún lagði til að Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og Kristinn Briem, ritari bankaráðs, yrði kjörinn fundarritari og komu ekki fram athugasemdir við þær tilnefningar.

Jóhannes tók því næst við stjórn fundarins.

Samkvæmt 10. gr. samþykktar Landsbankans ber að halda aðalfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert og boða verður til fundar með skemmst tveggja vikna fyrirvara og að hámarki fjögurra vikna fyrirvara. Boðað var til þessa aðalfundar með auglýsingu sem birtist í *Morgunblaðinu* 2. mars 2023 og var boðunin því í samræmi við samþykktir bankans. Dagskrá og endanlegar tillögur voru lagðar fram tveimur vikum fyrir fundinn sem er einnig í samræmi við samþykktirnar.

Fundarstjóri lýsti því yfir að til fundarins hefði verið boðað með lögmætum hætti og eftir að hafa innt eftir athugasemdum við áður nefnda framkvæmd fundarins lýsti hann fundinn lögmætan að öðru leyti.

Mættir voru 13 hluthafar á aðalfundinn og voru það eigendur hlutafjár að nafnvirði sem svarar til 99,77% heildarhlutafjár.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár

Fyrsti liður á dagskrá fundarins var skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans á síðastliðnu starfsári og flutti Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, skýrsluna.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

Í skýrslu sinni fjallaði Helga Björk meðal annars um árangur Landsbankans á árinu 2022 og tók hún fram að flestum markmiðum hefði verið náð. Hreinar vaxtatekjur jukust um 19% og hreinar þjónustutekjur um 12%. Aukin umsvif, góður árangur í fyrirtækjaþjónustu og fyrirtækjaráðgjöf ásamt traustri eignastýringu eiga stærstan þátt í góðu gengi. Einstaklingum og fyrirtækjum í viðskiptum fjölgaði mikið og markaðshlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði hefur aldrei verið hærrí.

Hún vék ennfremur að því að undanfarnar vikur hafi borið töluvert á óróa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem segja megi að hafi hafist með vandræðum Silicon Valley Bank í Bandaríkjunum. Við þessar aðstæður sé gott að hugsa til þess að staða íslenska bankakerfisins sé sérstaklega sterk. Það hafi því verið afar mikilvægt að Landsbankinn lauk við 300 milljóna evra skuldabréfaútgáfu þann 9. mars sl. Um hafi verið að ræða sértryggð skuldabréf í úrvalsflokki.

Þá kom fram að framkvæmdir við nýbyggingu bankans í Reykjastræti hafa gengið vel og þessa dagana eru fyrstu hóparnir að flytja þangað.

Í lok ræðu sinnar þakkaði Helga Björk fyrir hönd bankaráðs Lilju Björk Einarsdóttur, bankastjóra, öðrum stjórnendum og starfsfólki bankans fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu 2022.

2. Skýrsla bankastjóra

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, gerði grein fyrir ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2022.

Lilja kynnti helstu niðurstöður ársreikningsins og ýmsa þætti í starfsemi bankans, meðal annars stefnu bankans, markaðsstöðu, vöruþróun, þróun útlána, stafræna þróun og sjálfbærnimál.

Hagnaður bankans á árinu 2022 nam um 17 milljörðum króna samanborið við tæplega 29 milljarða króna hagnað árið áður. Lækkun á hlutabréfaeign hafi í því sambandi valdið stórrí sveiflu í rekstri bankans.

Bankastjóri tók meðal annars fram að arðsemi ársins 2022 hafi numið 6,3%, en til langs tíma hefði bankinn sett sér það markmið að skila 10% arðsemi eiginfjár. Eiginfjárlutfall sé sterkt og 4 prósentustigum yfir þeim eiginfjárkröfum sem gerðar eru til bankans. Þá hafi kostnaðarlutfall verið 46,8% sem er nálægt markmiði bankans. Lánshæfismat bankans var óbreytt á síðasta ári og er bankinn með lánshæfiseinkunina A á sértryggðum bréfum.

Í lok ræðu sinnar þakkaði bankastjóri bankaráði fyrir gott samstarf og góða leiðsögn á síðasta starfsári. Einnig þakkaði hún framkvæmdastjórn og samstarfsfólki fyrir samstarfið og hluthöfum og öðrum fundarmönnum fyrir komuna.

3. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar

Þá var komið að því að bera upp ársreikning fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda til staðfestingar en fyrir fundinum lá tillaga bankaráðs um að hann yrði samþykktur.

Vilhjálmur Bjarnason, stjórnarmaður í Bankasýslu ríkisins, tók til máls undir þessum dagskrárlíð.

Vilhjálmur vakti athygli á því að samkvæmt tímaritinu *Fjármál og ávöxtun*, sem kom út í byrjun þessa mánaðar, hafi öll innlán og allir sjóðir Landsbankans verið með neikvæðri raunávöxtun. Óskaði hann eftir skýringum á þessari niðurstöðu.

Bankastjóri tók meðal annars fram í svari sínu að innlán væru 54% af fjármögnun bankans og að bankinn hefði hækkað innlánsvexti jafnt og þétt á sama tíma og útlánsvextir hafi verið

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

hækkaðir. Það sé stefna bankans að bjóða samkeppnishæfa innlánsvexti fyrir einstaklinga, þótt þeir fylgi ekki alveg mikilli verðbólgu um þessar mundir.

Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda var því næst borinn undir fundinn og staðfestur.

4. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári

Fyrir fundinn var lögð fram eftirfarandi tillaga um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2022:

Bankaráð leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2022 sem nemur 0,36 krónum á hlut og að greiðslan verði tvískipt. Gjaldldagi fyrri greiðslunnar, 0,18 krónur á hlut, skal vera 29. mars 2023. Gjaldldagi síðari greiðslunnar, 0,18 krónur á hlut, skal vera 20. september 2023. Heildarfjárhæð arðgreiðslna vegna reikningsársins 2022, miðað við útstandandi hluti, nemur samtals um 8.504 milljónum króna, sem samsvarar um 50% af hagnaði ársins.

Arðsréttindi vegna ofangreindra arðgreiðslna skulu miðast við hlutaskrá í lok aðalfundardags 23. mars 2023 nema Landsbankanum hf. berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs.

Arðgreiðslur á árinu 2023:

	Arðsréttinda- dagur	Gjaldldagi	Krónur á hlut	Fjárhæð
Fyrri greiðsla	23.03.2023	29.03.2023	0,18	4.252 m.kr.
Síðari greiðsla	23.03.2023	20.09.2023	0,18	4.252 m.kr.
Samtals			0,36	8.504 m.kr.

Enginn óskaði eftir að taka til máls um tillöguna og engar spurningar eða athugasemdir komu fram á fundinum vegna hennar.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt.

5. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar

Fundarstjóri gerði því næst grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu bankaráðs um starfskjarastefnu.

Í máli fundarstjóra kom fram að tillaga væri um tvær breytingar á starfskjarastefnunni. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á 1. mgr. 9. gr. stefnunnar, en greinin fjallar um upplýsingagjöf, að orðin „framkvæmdastjóra í framkvæmdastjórn“ komi í stað orðsins „lykilstarfsmanns“. Í öðru lagi er lagt til að sett verði ný upphafsmálgrein í 10. gr. starfskjarastefnunnar um að stefnan sé sett á grundvelli 57. gr. a. í lögum um fjármálafyrirtæki, sem er nýtt lagaákvæði um starfskjarastefnu fjármálafyrirtækja.

1. gr. Markmið

Landsbankinn leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá bankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Í starfskjarastefnu felast jafnframt markmið um að traust ríki um stjórn og starfsemi bankans, að bankinn sé í forystu á sviði góðra stjórnarháttá og samfélagslegrar ábyrgðar, að hagsmuna hans sé gætt í hvívetna, sem á ekki síst við um orðspor og trúverðugleika, og að hann starfi í samræmi við þau viðmið, gildi og viðskiptasiðferði sem eðlilegt er að gildi um banka í opinberri eigu.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

2. gr. Starfskjör

Í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá febrúar 2020 kemur fram að setja skuli starfskjarastefnu sem sé samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.

Samkeppnishæf starfskjör í þessum skilningi fela í sér að bankinn eigi að geta laðað að og haldið hæfu starfsfólki og að bankinn geti verið samkeppnishæfur um starfsfólk þó að laun séu undir hæstu launum í samfélaginu.

Þegar rætt er um að starfskjör skuli ekki vera leiðandi ber m.a. að líta til launaþróunar í víðu samhengi og taka með í reikninginn áhrif á launaþróun almennt. Launakjör fyrirtækja sem eru með því allra hæsta sem tíðkast á vinnumarkaði, en þó ekki hæst, eru talin leiðandi.

Hófleg starfskjör fela í sér að ákvarðanir um laun séu teknar með varkárum hætti og stuðli ekki að miklum eða vaxandi mun í launum, að teknu tilliti til ábyrgðar, verkefna og árangurs. Einnig skal taka eðlilegt tillit til þeirra kjara sem fyrirtæki í meirihlutaeigu hins opinbera greiða starfsmönnum sem gegna sambærilegum störfum. Forðast skal miklar launabreytingar á stuttu tímabili. Þess í stað er æskilegra að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti og til samræmis við almenna launaþróun. Laun og önnur hlunnindi skulu vera einföld og gagnsæ eins og kostur er.

3. gr. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd bankans skal skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund bankans. Umfjöllun um niðurstöðu skýrslunnar skal koma fram í ársskýrslu bankans. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð skal setja nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar og gera opinberar á heimasíðu bankans.

4. gr. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skulu greidd föst mánaðarleg laun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Jafnframt skulu bankaráðsmönnum greidd laun fyrir þátttöku í starfi undirnefnda bankaráðs. Við ákvörðun um fjárhæð launa skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu bankans. Af launum skal greiða lífeyrisdögjald í samræmi við reglur á almennum vinnumarkaði. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um laun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um launin sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

5. gr. Starfskjör bankastjóra og stjórnenda

Starfskjör bankastjóra og stjórnenda bankans skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu.

Ekki skal gera samninga við bankastjóra og lykilstarfsmenn bankans sem fela í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamninga, kjarasamninga og skyldur

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur bankastjóra og lykilstarfsmanna skal ekki vera lengur en tólf mánuðir, að teknu tilliti til ábyrgðar og verkefna.

6. gr. Starfskjarastefna dótturfélaga og fleira

Bankaráð bankans skal stuðla að því að starfskjarastefnur dótturfélaga hans séu samkeppnishæfar en hóflegar og ekki leiðandi.

Jafnframt skal bankaráð stuðla að því að viðmið um starfskjör, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu, komi þar fram með skýrum hætti.

Bankastjóri skal leggja fyrir bankaráð tillögur dótturfélaga að starfskjarastefnum þeirra, sem og tillögur að stjórnarlaunum.

7. gr. Breytilegir kjarabættir

Bankinn skal ekki gera eða heimila samninga um kaupauka, þ.e. ekki heimila samninga um starfskjör sem að jafnaði eru skilgreind með tilliti til árangurs og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.

Ef bankaráð bankans hyggst taka upp kaupaukakerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

8. gr. Stjórnendatrygging

Landsbankinn skal sjá til þess að á hverjum tíma sé í gildi stjórnendatrygging sem nær m.a. til bankaráðsmanna, bankastjóra og lykilstarfsmanna bankans, bæði núverandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra fyrir bankann í samræmi við ákvæði viðkomandi tryggingarskilmála.

9. gr. Upplýsingagjöf

Bankinn skal gera grein fyrir kjörum bankaráðsmanna, kjörum bankastjóra og kjörum hvers og eins framkvæmdastjóra í framkvæmdastjórn í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

10. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er sett á grundvelli 57. gr. a. í lögum um fjármálafyrirtæki.

Starfskjarastefnan er samþykkt af bankaráði og tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og borin undir fundinn til samþykktar, synjunar eða breytingar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftár en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar frávík frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávík studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi bankans.

Ari Skúlason kvaddi sér hljóðs undir þessum lið og tók fram að hann hafi nýlega látið af störfum hjá bankanum eftir 18 ár í starfi. Hann hafi verið formaður starfsmannafélags bankans í nokkur ár og sé nú formaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og formaður samninganefndar bankanna. Ari lýsti sjónarmiðum sínum varðandi stöðu kjaramála bankamanna svo og kjarasamning Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var í janúar síðastliðnum. Gagnrýndi hann meðal annars hvernig staðið hafi verið að þeim kjaraviðræðum.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

Að mati Ara er niðurstaða kjarasamningsins ekki í samræmi við þau ákvæði í starfskjarastefnu Landsbankans um að æskilegt sé að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti og til samræmis við almenna launaþróun. Kostnaðarmat þeirra samninga sem hefðu verið gerðir á almennum vinnumarkaði hafi verið um eða yfir 8% en kostnaðarmat samnings við bankamenn hafi verið 5,8%.

Bankastjóri tók til máls og sagði meðal annars að rétturinn til að semja um kaup og kjör væri sjálfsagður og ekki væri deilt um það að greidd yrðu sanngjörn laun fyrir gott starf. Bankastjóri lagði einnig áherslu á mikilvægi þess að kjarabaráttan væri ekki háð þannig að það hafi áhrif á líðan starfsfólks og rétt þess til að vera stolt af störfum sínum og sínum vinnustað. Hvatti hún ennfremur hluthafa og bankaráð í þeirra umboði að sjá til þess að Landsbankinn sé samkeppnishæfur þegar kæmi að kjörum starfsfólks.

Engar frekari athugasemdir eða spurningar komu fram undir þessum lið.

Tillaga um starfskjarastefnu var að því loknu borin undir fundinn og samþykkt.

6. Tillögur til breytinga á samþykktum

Fundarstjóri gerði því næst grein fyrir fyrirleggjandi tillögu um breytingar á samþykktum og skýrði forsendur fyrir hverri þeirra.

Var lagt til að breytingar verði gerðar á eftirfarandi greinum samþykktanna og að þær orðist svo:

2. gr.:

Heimili félagsins er Reykjastræti 6, Reykjavík.

5. gr.:

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna. Hlutabréf veita hluthafa full réttindi sem samþykktir þessar og lög um hlutafélög mæla fyrir um.

6. gr.:

Bankaráð skal halda hlutaskrá í samræmi við lög.

1. málslið 2. mgr. 10. gr.:

Til aðalfundar skal boða með auglýsingu í fjölmiðli, einum eða fleiri, sem og með rafrænum hætti, t.d. á vefsíðu félagsins, með skemmst tveggja vikna fyrirvara en lengst fjögurra vikna fyrirvara.

2. málslið 2. mgr. 12. gr.:

Boða skal aukafundi með auglýsingu í fjölmiðli, einum eða fleiri, sem og með rafrænum hætti, t.d. á vefsíðu félagsins.

3. mgr. 13. gr.:

Hluthafar sem hyggjast sækja hlutahafafund sem stjórn hefur ákveðið að halda með rafrænum hætti skv. 1. mgr. skulu, a.m.k. fimm dögum fyrir fundinn, senda skrifstofu félagsins skriflegar spurningar eða eftir atvikum skjöl sem þeir óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum.

2. mgr. 20. gr.:

Bankaráð setur sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þess, sbr. ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

2. málslið 2. mgr. 21. gr.:

Bankaráð skal setja reglur um verkaskiptingu ráðsins og bankastjóra, sem taka skulu mið af ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og samþykktum þessum.

27. gr.:

Að því leyti sem ekki er kveðið á um í samþykktum þessum gilda ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995, ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, ákvæði laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020 svo og önnur ákvæði laga er við geta átt.

Tillögurnar voru bornar upp og samþykktar.

7. Kosning bankaráðs

Fyrir fundinn hafði borist tillaga innan tilskilins frests um kjör eftirtalinna einstaklinga sem aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar:

Aðalmenn:

Helga Björk Eiríksdóttir

Berglind Svavarsdóttir

Elín H. Jónsdóttir

Guðbrandur Sigurðsson

Guðrún Blöndal

Helgi Friðjón Arnarson

Þorvaldur Jacobsen

Varamenn:

Sigríður Olgeirsdóttir

Sigurður Jón Björnsson

Jafnframt var lagt til að Helga Björk Eiríksdóttir yrði kjörin formaður bankaráðs.

Engin önnur tillaga barst um kosningu bankaráðsmanna, varamanna og formanns bankaráðs innan tilskilins framboðsfrests.

Fundarstjóri lýsti því yfir að þar með teldist bankaráðið sjálfkjörið og Helga Björk Eiríksdóttir væri jafnframt sjálfkjörin sem formaður bankaráðs.

8. Kosning endurskoðanda

Því næst var komið að tillögu um kosningu endurskoðanda sem lá fyrir fundinum. Þessi tillaga er í samræmi við ákvæði c - liðar, 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, en samkvæmt 7. gr. laganna er heimilt að útvista einstökum verkefnum embættis ríkisendurskoðanda.

Eftirfarandi tillaga var því næst borin upp:

Lagt er til að aðalfundur kjósi ríkisendurskoðanda sem endurskoðanda félagsins fyrir rekstrarárið 2023. Í samræmi við heimildir ríkisendurskoðanda til að útvista verkefnum sínum tilnefndi hann í framhaldi af útboði um verkefnið endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers ehf. til að annast endurskoðun ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2023.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt.

9. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabili

Fundarstjóri kynnti því næst tillögu um þóknun bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

Í kynningu fundarstjóra á tillögnum kom fram að hún fæli í sér að laun bankaráðsmanna breyttust í samræmi við almenna launapróun og viðmiðið væri hækkanir samkvæmt nýlegum kjarasamningum.

Lagt er til að laun bankaráðsmanna verði kr. 505.000 á mánuði, laun formanns bankaráðs verði kr. 880.000 á mánuði og laun varaformanns verði kr. 625.000 á mánuði. Því til viðbótar skuli greiða bankaráðsmönnum kr. 250.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda bankaráðs en auk þess fái formenn undirnefnda bankaráðs greiddar kr. 56.500 á mánuði. Laun varamanns í bankaráði verði kr. 252.500 fyrir hvern setinn bankaráðsfund eða fund með fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um hæfismat en þó aldrei hærri en laun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 505.000 á ári.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt.

10. Heimild til kaupa á eigin hlutum (liður nr. 9 í dagskrá)

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum:

Lagt er til að hluthafafundur samþykki í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist eigin hluti allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Lægsta og hæsta fjárhæð sem Landsbankinn hf. má reiða fram sem endurgjald fyrir hvern hlut skal vera bókfært virði hvers hlutar, þ.e. samsvara hlutfalli á milli eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum bankans og hlutafjár, samkvæmt síðasta birta ársuppgjöri eða árshlutauppgjöri áður en kaup á eigin hlutum fara fram. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Landsbankans hf. árið 2024. Ráðstöfun Landsbankans hf. á eigin hlutum sem keyptir verða á grundvelli þessarar heimildar er háð samþykki hluthafafundar.

Hluthöfum var gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna en enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt.

11. Önnur mál

Engin önnur mál höfðu verið lögð fram og enginn óskaði eftir að taka til máls undir þessum lið.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að honum og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð eftir fundinn og komu ekki fram athugasemdir við það fyrirkomulag.

Helga Björk Eiríksdóttir, nýkjörinn formaður bankaráðs, tók til máls í lok fundarins, þakkaði hluthöfum fyrir traustið og þátttökuna á fundinum og sagði honum slitið um kl. 17:45.

Jóhannes Karl Sveinsson
Fundarstjóri

Kristinn Briem
Fundarritari

Undirritunarsíða

Undirritað af
Jóhannes Karl Sveinsson

Undirritað af
Kristinn Briem